



Siðaregla nr. 1.3

- **Íþjúpjálfi rækir störf sín af fordómaleysi og án þess að fara í manngreinarálit vegna færniröskunar, kynþáttar, menningar, trúarbragða, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, þjóðfélagsstöðu eða stjórnámálaskoðana skjólstæðinga sinns.**

Hægt er að spyrja hvort ekki sé óþarfi að vera að ræða þetta, er ekki alveg sjálfsagt að inna störf sín af hendi án fordóma og gera ekki mannámur á fólki sem við sinnum í vinnu okkar. Auðvitað er það alveg sjálfsagt að fara ekki í manngreinarálit þegar við innum störf okkar af hendi og rækja þau af fordómaleysi. En þegar betur er að gáð er þetta e.t.v. ekki eins augljóst og ætla mætti. Sem einstaklingar höfum við öll okkar gildismat sem mótast skoðanir okkar á mönnum og málefnum. Þetta gildismat, skoðanir og viðhorf hafa mótast bæði í gegnum uppeldi og aðra reynslu í lífinu. Sumt er okkur meðvitað annað ekki.

Samkvæmt orðabókum merkir orðið fordómur það sama og hleypidómur, sleggjudómur eða ógrundaður dómur. Fordómar geta birst gagnvart einstaklingum, en einnig gagnvart hópum.

Í átaksverkefninu vitunarvakning um fordóma á vegum Landlæknisembættisins og Geðræktar vorum við hvött til að skoða hvort við værum góðir mannþekkingarar. Við vorum beðin að íhuga hvort við hefðum einhvern tímann sagt eða hugsað með sjálfum okkur eitthvað á þessa leið:

- Ég er svo góður mannþekkingari, ég sé strax hvort fólk er.....
- Fólk sem er ekki í vinnu er nú bara.....
- Ég held að flestir útlendingar séu.....
- Mér finnst samkynhneigðir.....
- Unglingar nú til dags.....
- Gamalt fólk á ekki að.....

Þessar setningar fela í sér alhæfingar út frá staðalmyndum sem er nátengt fordómum. Það er enginn góður mannþekkingari fyrir en hann hefur kynnst einstaklingnum. Enginn einstaklingur er aðeins fulltrúi ákveðins hóps.

Þetta dæmi minnir okkur á hversu hugsun okkar um aðra getur verið bundin í vana og er okkur ekki alltaf meðvituð. Þegar við eigum mót við aðra manneskju koma viðhorf okkar oft berlega í ljós. Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við innum störf okkar af hendi. Það sem skiptir máli er að hver manneskja sem við þjónustum sé litin þeim augum að hún sé verðmæt í sjálfri sér óháð stétt eða stöðu.

Ítarefni:

- Árni Böðvarsson (ritstj.) (1985). *Íslensk orðabók*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs
- Svavar Sigmundsson (ritstj.) (1985) *Íslensk samheitaorðabók*. Reykjavík: Mál og menning
- Vilhjálmur Árnason (1993). *Siðfræði lífs og dauða*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Rannsóknastofnun í siðfræði.